

Landsfundur Samfylkingarinnar 2011

Setningarávarp formanns, 21. október – talað orð gildir

Kæru félagar, hjartanlega velkomin til Landsfundar Samfylkingarinnar.

Það eru sannarlega ánægjulegt þegar við Samfylkingarfólk komum saman til Landsfundar og fáum tækifæri til að hittast svo mörg og skiptast á skoðunum og styrkja böndin yfir heila helgi.

Það fyllir mann bjartsýni og orku. Vel á annað þúsund Samfylkingarfélagar eru með seturétt á þessum fundi, en afar mikilvæg verkefni bíða okkar og fróðlegir og skemmtilegir viðburðir á dagskránni.

Kæru félagar.

Ég vil færa Ungum jafnaðarmönnum miklar þakkir fyrir þá hjartnæmu og áhrifaríku minningarathöfn sem þau stóðu fyrir. Atburðirnir í Ósló og Útey eiga erindi við okkur öll, ekki síst okkur jafnaðarmenn sem voðaverkunum var beint að.

Mér líður aldrei úr minni sú áhrifamikla, átakanlega og sorglega minningarathöfn sem ég var viðstödd með forsætisráðherrum allra Norðurlandanna og þúsundum aðstandenda fórnarlambanna í Útey og Ósló.

Í athöfninni var svo áþreifanlegur og einlægur ásetningur um að láta ekki ódæðismanninn ná fram sínum markmiðum, og krafan sem þar birtist var að jafnaðarmenn myndu tvíeflast í baráttunni fyrir lífsgildum jafnaðarstefnunnar. Þannig væri minningu þeirra sem létust mestur sómi sýndur.

Kæru félagar.

Það ætti að vera óhætt að segja, að þau hafa ekki verið smá í sniðum, verkefnið sem drifið hafa á daga okkar síðan við komum síðast saman til landsfundar. Þá vorum við rétt að byrja björgunarstarfið sem þjóðin stóð frammi fyrir eftir hrún – eitthvert mesta hrún sem mælst hefur.

Þá var það enn raunverulegur möguleiki að ríkissjóður yrði gjaldþrota og hið sama átti við um ýmis sveitarfélög, orkufyrirtæki, hundruð fyrirtækja og þúsundir einstaklinga um allt land. Samfélagið rambaði á barmi gjaldþrots og efnahagsleg – og samfélagsleg upplausn ríkti.

Nú, þegar við komum saman á ný og kjörtímabil ríkisstjórnarinnar er vel hálfnað er björgunarstarfinu að mestu lokið og raunveruleg sókn til betri lífskjara og manneskjulegra samfélags er komin vel á veg.

En þetta hefur ekki verið neinn dans á rósum og á því áttum við sannarlega ekki von.

Við höfum þurft að glíma við skiljanlegt vantraust almennings á stjórnámálum og stofnunum samfélagsins.

Við höfum þurft að glíma við vantraust erlendra ríkja og fjármálastofnanna.

Við höfum þurft að glíma við erlenda kröfuhafa sem töpuðu um 7000 milljörðum, u.þ.b. fimmfaldri þjóðarframleiðslu landsins.

Við höfum þurft að glíma við innlend hagsmunaöfl og einstaklinga sem neita að horfast í augu við ábyrgð sína á hruninu og vilja halda öllu sínu.

Við höfum þurft að glíma við stjórnarandstöðu bæði á þingi og í fjölmiðlum sem hefur að stórum hluta verið óvenjulega heiftúðug og ómálefnalega og óvæntar ákvarðanir Hæstaréttar og Forseta Íslands hafa reynt mjög á þanþol stjórnmalanna.

Það gerði einnig yfirgripsmikil og hispurslaus skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis um hrunið og eftirfylgni hennar á Alþingi, sem meðal annars ákvað í fyrsta skipti í lýðveldissögunni að kalla saman Landsdóm.

Eru þá ónefndar fimm almennar kosningar, eldgosin þrjú og dýpkandi efnahagskreppa heimsins sem fæst okkar reiknuðum nú með.

Á sama tíma hefur Samfylkingin sem flokkur gengið í gegnum umfangsmesta umbóta- og málefnaverkið sem nokkur íslenskur stjórnmalaflokkur hefur áður gert.

Þúsundum félagsmanna Samfylkingarinnar hefur verið boðið til opinna og hreinskiptinna umræðu um stefnu og starfshætti Samfylkingarinnar. Bæði til að greina það sem úrskaiðis fór og einnig til að leggja grunn að öflugum framtíðarstarfi.

Saman höfum við, á ótal fundum og með ýmsum hætti, farið yfir þessi mál af hispursleysi, óttaleysi og fyrir opnum tjöldum.

Þetta umfangsmikla umbótastarf hefur sannarlega reynt á þanþol flokksins, en það var nauðsynlegt. Um það hljóttum við að vera sammála, nú, þegar uppgjörrið við hið liðna hefur farið fram og tillögur liggja fyrir um nýjan málefnaverkið og umfangsmiklar breytingar á starfsháttum flokksins.

Vegna þessa starfs getur Samfylkingin nú óhikað hafið nýja sókn, rétt eins og samfélagið allt.

Kæru félagar

Í stað þess að brotna og hrekjast undan storminum höfum við sýnt þá ábyrgð, festu og samstöðu sem burðarflokkur í stjórnámálum verður að geta sýnt – ekki síst í ástandi sem þessu. Samfylkingin, einn flokka hefur komist í gegnum þann pólitíska stórsjó sem yfir Ísland hefur riðið frá hruni, samstæð og sterk, bæði þegar horft er til manna eða málefna. Þar liggur nú okkar styrkur, ekki síst!

Fyrir allt þetta er full ástæða til að þakka hér í dag. Við skulum þakka okkar kjörnu fulltrúum, bæði á þingi, sveitarstjórnnum og í ríkisstjórn, starfsfólki skrifstofunnar, forystumönnum í félögum og stofnunum flokksins, þeim hundruðum flokksmanna sem hafa tekið þátt í umbótastarfinu, málefnaþópnum og því mikla starfi sem verið hefur á vettvangi flokksins.

Síðast en ekki síst vil ég að við færum þremur flokkssystem okkar sem staðið hafa í eldlínunni á liðnum árum en hafa nú yfirgefið hið pólitíska svið, okkar bestu þakkir fyrir þeirra mikilvæga framlag. Hér á ég við þær Ingibjörgu Sólrúnu, Steinunni Valdísi og Þórunni Sveinbjarnardóttur. Við skulum rísa úr sætum og klappa fyrir öllu þessu góða fólki !

Kæru félagar!

Á þessum tímamótum er mikilvægt að fara í nokkrum orðum yfir þann mikla árangur sem við höfum náð á þessum viðburðarríka tíma.

Grundvallarbreytingar hafa verið gerðar á lagaumgjörð og starfsháttum opinberrar stjórnsýslu og stjórnmalaflokka í tíð ríkisstjórnarinnar. Opnari, faglegrri og lýðræðislegri stjórnarhættir hafa verið innleiddir og brugðist hefur verið við þeim lærdómum sem draga mátti af hruninu. Stjórnarráðið, Alþingi og stofnanakerfið hefur gengið í gegnum umfangsmestu breytingar í Íslandssögunni.

Ráðuneytum hefur verið fækkað úr tólf í tíu, stofnunum hefur verið fækkað um tugi og fyrirhugaðar eru enn frekara breytingar í kjölfar eflingu ráðuneytanna.

Miklar umbætur hafa orðið í ráðningamálum á vegum hins opinbera. Lögfest hefur verið að sérstakar hæfnisnefndir annist mat á umsækjendum um auglýstar stöður ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra. Þetta á einnig við um löngu tímabærar breytingar á verklagi við skipun dómara.

Ný lög hafa verið sett um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna, siðareglur innan stjórnsýslunnar sem ná bæði til ráðherra, aðstoðarmanna, embættismanna og almennra starfsmanna og breytta starfshætti og aukið eftirlitshlutverk Alþingis.

Þá hefur heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar farið fram á vettvangi þjóðfundar, stjórnlaganefndar þar sem sátu sérfræðingar og fyrir liggur frumvarp stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá sem Alþingi þarf að taka afstöðu til.

Kæru félagar.

Við hrunið margfaldaðist skuldavandi heimila og fyrirtækja landsins sem þó var orðinn ærinn í aðdraganda þess. Úrlausnir á skuldavandanum hefur reynst eitt erfiðasta úrlausnarefni björgunarstarfsins enda umfangið gríðarlegt. En einnig þar hefur okkur orðið verulega ágengt.

Tugir aðgerða hafa litið dagsins ljós og bylting hefur orðið á réttindum skuldara, ekki síst með tilkomu Umboðsmanns skuldara og lögum um skuldaaðlögun og skuldsettum heimilum hefur verið veitt skjól til að leita lausna á vandanum í samvinnu við fjármálastofnanir.

Nú stefnir í að um áramótin hafi skuldir heimilanna verið færðar niður á grundvelli þessara aðgerða um hartnær 200 milljarða króna frá hruni, sem er sambærileg fjárhæð og áætlað er að verði afskrifað hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

Þá skiptir einnig miklu máli að greiðslubyrði húsnæðislána hefur verið lækkuð umtalsvert, meðal annars með tvöföldun á vaxtabótum, en ríkissjóður niðurgreiðir nú um þriðjung alls vaxtakostnaðar heimila af fasteignalánnum.

Allt hefur þetta gert það að verkum að þúsundir fjölskyldna hafa náð tökum á vandanum og heimili þeirra hafa verið varin. Fjöldi heimila mun þó áfram glíma við mikinn vanda, ekki síst á þetta við um þá sem fjárfestu í fyrsta sinn á árunum fyrir hrun og nýttu til þess lánsveð. Vanda þess hóps þarf að skoða sérstaklega og að því er unnið.

Auk þess verður áfram unnið markvisst að því að afnema verðtrygginguna, en nú loks hillir undir að allar fjármálastofnanir landsins bjóði almenningi óverðtryggð lán til húsnæðiskaupa – slíkt hefur ekki gerst í áratugi.

Kæru félagar

Ötullega hefur verið unnið að jafnréttismálum í samræmi við stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og okkur hefur víða orðið ágengt. Hlutur kvenna hefur aldrei verið meiri í stjórnslunni, hvort sem titill er til ríkisstjórnar, ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra í stjórnarráðinu eða stjórna og ráða á vegum ríkisins. Því markmið jafnréttis laga að minnst 40% fulltrúa skuli vera af hvoru kyni hefur loksins verið náð.

Þá höfum við lögfest að við skipan í stjórnir fyrirtækja og lífeyrissjóða verði jafnrétti tryggt eigi síðar en árið 2013 og nú er unnið að nýrri áætlun gegn kynbundnu ofbeldi og aðgerðaráætlun vegna launamunar kynjanna sem liggja á fyrir áður en árið er allt.

Það er ekki tilviljun kæru félagar að Ísland er nú ítrekað nefnt sem fyrirmyndarlandið í jafnréttismálum – kvenfrelsisbaráttan, baráttan fyrir jafnrétti kynjanna er að skila árangri og þar drögum við vagninn!

Ágætu landsfundarfulltrúar

Böndum hefur verið komið á ríkisfjármálin á undra verðum tíma. Höfum í huga að það var ekkert smá verkefni að stoppa uppí þann 215 milljarða halla sem við okkur blasti og finna á sama tíma rúm fyrir aukinn vaxtakostnað vegna hrunsins fyrir um 50 milljarða á ári. Við erum að tala um aðlögunarþörf uppá ríflega 260 milljarða króna, upphæði sem jafngildir ríflega helmingi allra rekstrarútgjalda ríkissjóðs á árinu 2008!

Nú, tæpum þremur árum síðar leggjum við fram fjárlög þar sem hallinn er kominn í 18 milljarða. Ef ekki hefði komið til gríðarlegur vaxtakostnaður vegna hrunsins, væri 40 milljarða afgangur af fjárlögum næsta árs ef annað væri óbreytt.

Þessum árangri höfum við náð, án þess að veða þannig að velferðarkerfinu að úr því verði ekki bætt þegar hagur okkar vænkast á ný og án þess að hækka hér skatta á þá sem síður geta borið þá.

Staðreyndin er sú að lágmarkstekjur lífeyrisþega og atvinnulausra hafa aldrei verið hærri en eftir að Samfylkingin komst í ríkisstjórn, og kaupmáttur lægstu launa hefur verið varin að mestu. Þann 1. febrúar n.k. mun lágmarkstekjutrygging lífeyrisþega hafa hækkað um 61% á þessum tíma en lægstu laun á almennum markaði um rúm 50%.

Staðreyndin er einnig sú að um 85.000 einstaklingar greiða nú lægra hlutfall af tekjum sínum í skatt en þeir gerðu fyrir hrún, meðal annars vegna hækkunar persónuafsláttar.

Staðreyndin er sú að í tíð þessarar ríkisstjórnar hefur ríkissjóður tekið minna til sína af tekjum fyrirtækja og einstaklinga en ríkisstjórnir Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks gerðu gervallan góðæristímann.

Allt þetta tókst okkur af því að unnið var skipulega eftir plani A strax frá upphafi en ekki B plani Framsóknarflokksins eða D plani Sjálfstæðisflokksins sem fram komu þremur árum eftir hrún.

Kæru Samfylkingarfélagar

Þrátt fyrir hið fordæmalaus hrún sem hér varð – hið umfangsmesta í sögunni, stöndum við nú betur en mörg lönd sem við helst berum okkur saman við.

Hagvöxtur er hafin á ný og stefnir í 2,5-3% á þessu ári. Fyrstu 6 mánuð ársins var Ísland í 14 sæti af 34 þjóðum OECD hvað hagvöxt varðar.

Með árangri okkar í ríkisfjármálum hefur skuldasöfnun ríkissjóðs verið stöðvuð og þá blasir sú staðreynd við að 17 þjóðir OECD eru með verri stöðu hreinna opinberra skulda en Ísland.

Atvinnuleysið er einnig minna hér en í okkar helstu samanburðarlöndum. Tólf til þrettán þúsund störf töpuðust hér í hrúninu en nú er störfum tekið að fjölga. Innan OECD er atvinnuleysið um 8% en 6,6% hér og hefur ekki verið lægra frá árslokum 2008.

21 þjóð innan OECD er með meira atvinnuleysi en Ísland og öll Norðurlöndin, nema Noregur.

Þó ýmsir kjósi að freista gæfunnar erlendis, er fjarri því að grasið sér grænna í okkar helstu samanburðarlöndum, hvort sem litið er til hagvaxtar, stöðu hins opinbera eða stöðunnar á vinnumarkaði. Það kemur því ekki á óvart að jafnt og þétt dregur saman með brottfluttum og aðfluttum.

Nú höfum við alla möguleika á að sækja fram og hefja kraftmikla lífsskjarasókn.

Ekki síst á þetta við ef okkur auðnast að ljúka viðræðum okkar um aðild Íslands að ESB á tilskyldum tíma og þjóðin verður sammála okkur um kosti aðildar. Tilraunir ESB andstæðinga, meðal annars forystu Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, hafa blessunarlega mistekist að stöðva viðræðurnar, áður en niðurstöður þeirra liggja fyrir.

Vaxandi meirihluti þjóðarinnar vill klára viðræðurnar og sjá hvað í samningi gæti falist og hafnar því að fulltrúar flokkanna taki þann lýðræðislega rétt af þjóðinni.

Við munum klára þetta mál. Til þessa verks vorum við kosin og því umboð verðum við trú, allt til enda.

Kæru félagar

Í aðdraganda hrunsins, undir gunnfána frjálshyggjunnar, áttu sér stað einhverjar umfangsmestu samfélagsbreytingar í sögu landsins. Markvisst var leikreglum samfélagsins breytt þannig að hinir ríku urðu ríkari og hinir verr settu sátu eftir. Ójöfnuður jókst meira á Íslandi í tíð Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks en dæmi eru um á svo skömmum tíma.

Á níu ára tímabili, fjórfaldaði ríkasti hluti þjóðarinnar hlut sinn í heildartekjum Íslendinga, fór úr 5% af heildartekjunum í 20%. Eitt prósent þjóðarinnar tók til sín 20% af tekjunum þegar Samfylkingin breytti stefnu stjórnvalda!

Nú, aðeins rúmum þremur árum síðar er myndin orðin allt önnur og við erum komin langleiðina með að þurrka út þessa skelfilegu arfleifð ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks.

Með breytingum á skattkerfinu, hækkun lægstu launa og lífeyrisgreiðslna umfram aðrar hækkanir hefur jöfnuður verið aukin í samfélaginu á ný. Við erum hinsvegar rétt að byrja í þessum efnunum.

Kannanir sýna að yfirgnæfandi meirihluti þjóðarinnar vill sjá mun minni launamun og að skattkerfinu, bótakerfinu og þjónustu velferðarkerfisins sé beitt til að jafna kjörin og ná markmiðum um aukin jöfnuð.

Þessi sjónarmið mikils meirihluta þjóðarinnar um meiri jöfnuð eru í hróplegri andstöðu við stefnu Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins – bæði í orði og á borði.

Staðreyndin er sú, að stefna þessara flokka á ekkert erindi við íslensku þjóðina lengur. Gleymum því ekki að það var hugmyndafræði þeirra um hinn frjálsa, hagkvæma markað, - sem allt átti að leysa - ef „eignagleðin” fengi að ráða för, laus við óþarfa eftirlit og hömlur í nafni almannahagsmuna. Það var „eignagleðin”, eins og leiðtogi sjálfstæðismanna til fjórtán ára kaus að kalla græðgina sem olli hruninu.

Það var hugmyndafræði þessara flokka sem olli hér mestu ójafnaðarþróun - sem átt hefur séð stað á síðari tímum, m.a. með skipulegri lækkun bóta og skattleysismarka og taumlausri þjónkun við ofurlauna og stóreignafólk.

Það var líka hugmyndafræði þessara flokka sem olli því að auðlindir þjóðarinnar voru afhentar einkaaðilum til fénytingar án þess að þjóðin fengi sanngjarnt afgangjald til samfélagslegra verka, bæði kvótinn, orkan og vatnsaflíð.

Það var líka vegna hugmyndafræði þessara flokka, um að bankar og sparisjóðir í samfélagslegri eigu væru dæmi um gagnslítið fé án hirðis, og því þyrfti að færa þá einkavinum til ávöxtunar.

Ekkert hefur breyst í stefnu þessara flokka hvað þetta varðar. Enn hefur ekkert uppgjör farið fram, en báðir flokkar og þau hagsmunaaöfl sem að þeim standa leggja nótt við dag um að sannfæra þjóðina um að afleiðingar hrunsins megi skrifa á reikninga núverandi ríkisstjórnar.

Hvorugur flokkurinn er stjórnþækur fyrr en hann viðurkennir ábyrgð sína, gerir upp við hrunið og breytir um stefnu í þeim grundvallarmálum sem hruninu ollu.

Kæru félagar

Nú þegar lífskjarasóknin er hafin er það okkar hlutverk að sjá til þess að lífsins gæðum verði jafnar skipt en áður. Ofurlaunaelíta með margföld laun almennra launamanna á aldrei aftur að myndast á Íslandi. Auðlindir þjóðarinnar á aldrei aftur að afhenda einkaaðilum án þess að sanngjörn auðlindarenta renni til samfélagslegra verkefna þjóðarinnar.

Nú er það okkar hlutverk að endurheimta kvótann í þágu þjóðarinnar og koma á fót Auðlindasjóði sem annast og ávaxtar með sjálfbærum hætti arðinn af auðlindum þjóðarinnar.

Nú er það okkar verkefni að byggja hér upp fjölbreytt atvinnulíf, sem skapar varanleg og verðmæt störf og gefur ekki síst okkar unga fólki möguleika á að byggja upp framtíð sína á Íslandi. Við eigum að leggja aukna áherslu á græna hagkerfið, skapandi greinar, upplýsingatækni, nýsköpun og hugverkaiðnað og tækniþróun, ekki síst í tengslum við orkunýtingu, sjávarútveg og ferðaþjónustu.

Lykillinn að tækifærum unga fólksins er menntun og þar hefur Ísland dregist aftur úr á síðustu áratugum. Þessu ætlum við að breyta. Nú eru ríflega 60.000 einstaklingar á vinnumarkaði einungis með grunnskólapróf að baki og markmið okkar er að fækka í þeim hóp um 40.000 fyrir árið 2020.

Ríkisstjórnin, í samvinnu við menntastofnanir og aðila vinnumarkaðarins, hefur unnið þrekvirki í að virkja ungt fólk til mennta á þessu hausti. Þá hófu 1500 fleiri nám við framhaldsskóla en í fyrra og 1000 atvinnuleitendum var gert kleift að fara af bótum í nám. Árangur þessa verkefnis er þegar kominn fram í lægra atvinnuleysi, og þar erum við að búa í haginn fyrir framtíðina.

Kæru félagar

Við vitum og munum fræðast enn betur um það á þessum fundi, að öflugt velferðarkerfi og sem mest jafnræði meðal íbúanna er besta leiðin til að byggja upp gott samfélag fyrir alla.

Með auknum jöfnuðu eykst traust og samstaða fólks í samfélaginu. Við verðum öll hluti af sömu heild, í stað þess að skipta þjóðinni í hópa hinna ríku og hinna fátæku – okkur og hina.

Glæpum mun fækka, streita mun minnka, geðsjúkdómar, hjartasjúkdómar, vímuefnaneysla, næringarvandamál og fleiri þekkt einkenni velmegunarsamfélaga munu minnka samhliða auknum jöfnuði – það munu niðurstöður Richard Wilkinson sýna okkur framá hér á landsfundinum.

Við vitum það einnig að þrátt fyrir háa skatta og mikil umsvif hins opinbera í norrænu velferðarsamfélögunum sem við helst viljum bera okkur saman við, þá eru það þessi samfélög sem standa sig best í samkeppninni um fólk og framsækin fyrirtæki.

Við öll viljum búa þar sem friður og sátt ríkir, þar sem virðing er borin fyrir einstaklingnum, hvort sem hann er karl, kona, svartur, hvítur, ungur eða gamall. Þar sem börnum mans og fjölskyldu er búið öruggt og örvandi umhverfi og stuðningur fæst þegar áföll dynja yfir.

Allt þetta taka flestir fram fyrir möguleikann á ofsagróða eða lúxuslífi sem byggist á kúgun eða arðráni annarra samborgara sinna. Aukinn jöfnuður, jafnaðarstefnan er sú lífssýn sem almenningur vítt og breytt um heiminn er nú að krefjast að fái aukið vægi, meðal annars í fjölmönnum mótmælum vítt og breytt um hinn vestræna heim.

Allir Íslendingar, allir jarðarbúar munu njóta þess ef jafnaðarmönnum verður ágengt í baráttunni fyrir jafnrétti og bættum kjörum þeirra sem lakast standa í löndum heims. Þar liggur okkar erindi. Það er okkar markmið.

Kæru félagar

Ríkisstjórnarsamstarfið við VG, fyrsta meirihlutastjórn jafnaðarmanna og félagshyggjufólks á Íslandi markar ekki bara söguleg þáttaskil, heldur hefur árangur hennar sýnt að hún var efnahagleg og samfélagsleg nauðsyn.

Þrátt fyrir ýmsar erfiðar upptakomur og þrátt fyrir að kvarnast hafi úr meirihlutanum vegna brotthvarfs úr þingflokki samstarfslokksins, hefur samstarfið gengið vel og það hefur verið ótrúlega árangursríkt.

Gleymum því ekki að þrátt fyrir ágreining í ýmsum málum, er mikill samhljómur í stefnu flokkanna í flestum málum. Ekki síst hvað varðar félagslegar áherslur, um aukinn jöfnuð og réttlæti á ýmsum sviðum. Á þessum sviðum hefur ríkisstjórnin lyft Grettistaki og afgreitt og sett á dagskrá ýmis mál sem aðrar ríkisstjórnir hafa ekki sinnt, sum um áratuga skeið.

Ég nefni lífeyrisréttindi ráðamanna, lög um vændi, nektarstaði og austurrísku leiðina, skipan dómara og ráðningar æðstu embættismanna, endurskoðun stjórnarskrárinnar, ný lög um stjórnarráðið, endurskoðun fiskveiðistjórnunarkerfisins, rammaáætlun um verndun og nýtingu náttúrusvæða, endurskoðun auðlindamála í þjóðareign svo eitthvað sé nefnt.

Við skulum líka átta okkur á því að þrátt fyrir andstöðu innann VG við aðild að ESB hefði aðildarumsókn um ESB ekki orðið að veruleika, nema á grundvelli þessa stjórnarsamstarfs. Af yfirlýsingum forystumanna Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks blasir við að umsóknin yrði dregin til baka kæmust þeir aftur til valda.

Ríkisstjórnin og samstarfið við VG hefur því skilað miklum og sögulegum árangri, sem mikilvægt er að halda til haga, ekki síst þegar á móti blæs og hvessir á stjórnarheimilinu.

Kæru félagar.

Framundan eru spennandi tímar og mörg mikilvæg verkefni sem við verðum að leiða til lykta áður en kjörtímabilið er allt.

Áður en gengið verður til kosninga verðum við að koma atvinnulífinu á fullt skrið og ná atvinnuleysinu niður í 4-5%

Áður en gengið verður til kosninga verðum við að ljúka endurskoðun fiskveiðistjórnunarkerfisins

Áður en gengið verður til kosninga verðum við að ljúka endurskoðun stjórnarskrárinnar og fá fram afstöðu þjóðarinnar til fyrirliggjandi tillagna.

Áður en gengið verður til kosninga verðum við að ljúka aðildarviðræðum okkar við ESB.

Áður en gengið verður til kosninga verðum við að samþykkja rammaáætlun um verndun og nýtingu náttúrusvæða og stofna Auðlindasjóð sem annast og ávaxtar með sjálfbærum hætti arð þjóðarinnar af auðlindum hennar.

Áður en gengið verður til kosninga verðum við að lögfesta nýtt og einfaldara almannatryggingarkerfi, þar sem brugðist verður við víxlverkunum og fátæktargildrum.

Áður en gengið verður til kosninga verðum við að leggja grunn að nýju húsnæðiskerfi, þar sem valfrelsi og öruggt húsaskjól fyrir alla tekjuhópa eru grundvallar þættir.

Og áður en gengið verður til kosninga verðum við að hefja endurreisn fæðingarorlofssjóðs og lögfesta lengingu orlofsins eins og til stóð.

Ég heiti á okkur öll að gera það sem í okkar valdi stendur til að ná fram þessum stóru og mikilvægu málum og marka þannig farsæla braut fyrir þróun íslensks samfélags til framtíðar.

Þetta eru að mínu mati mikilvægustu erindi Samfylkingarinnar við þjóðina á síðari hluta kjörtímabilsins. Ég heiti því að gera allt sem í mínu valdi stendur til að koma þessum málum í höfn áður en þessu kjörtímabili lýkur.

Þegar við leggjumst öll á eitt eru okkur allir vegir færir!

Ég segi þennan landsfund Samfylkingarinnar settan.